



UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
ÁRSSKÝRSLA 2020
101. Ársþing 2021

UNGmennasamband SKAGAFJARÐAR

Skýrslan

Skýrsla 2020, lögð fram á rafrænu 101. Ársþingi Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á skrifstofu UMSS af Thelmu Knútsdóttir í febrúar - mars 2021.

Umbrot og hönnun:

Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis:

Thelma Knútsdóttir
Gunnar Þór Gestsson
Aðildarfélög UMSS

Ljósmyndir:

Er m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSÍ, sérsambanda, feykir.is, mbl.is, Hjalti Árnason, Guðný Guðmundsdóttir, Héraðskjalasafni Skagafjarðar og aðildarfélögum UMSS.



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Upplýsingar	6
Stjórn UMSS	6
Dagskrá 101. ársþings	6
Skýrsla stjórnar	8
Fjöldi þingfulltrúa	10
Iðkendur	10
Getraunir	11
Ánægjuvogin	12
Lottó reglugerð og úthlutanir...	14
Aðildarfélög	15
Afreksmannasjóður	16
ÍSÍ fréttapunktur	18
UMFÍ fréttapunktur	21
Viðurkenningar UMFÍ og ÍSÍ	23
Styrkir og sjóðir	24
Íþróttamenn UMSS	25
Íþróttamaður UMSS reglugerð	27
Íþróttamaður UMSS 2020	28
Lið ársins 2020.....	31
Þjálfari ársins	34
Hvataverðlaun	36
Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla ..	37
Skýrsla aðildarfélaga.....	38
Lög UMSS	55
Ársreikningar 2020	57



Lengjumeistarar 2020 meistarafli.kvk. UMF Tindastóll

Verðlauna afhending 6. mars 2021



ÁVARP FORMANNS

*Ágætu þingfulltrúar og félagsmenn.
Velkomin á 101. ársþing Ungmennasambands
Skagafjarðar.*

Ungmennasamband Skagafjarðar er orðið eitt hundrað og tíu ára. Skömmu eftir að kaupfélögin voru stofnuð fóru frumkvöðlar aftur af stað og stofnuðu íþróttafélög, ungmennasambönd og Ungmennafélag Ísland.

Premur árum fyrir stofnum UMSS voru UMF Tindastóll og UMFÍ stofnuð. Á þessum tímum var þörf á félagsskap sem hélt utan um íþróttir, leiklist, trjárækt og ýmis önnur hugarefni. Ungmennasamböndin voru vettvangur þar sem félagar komu saman og tókust á við ýmisleg málefni tengd mannrækt og auknum lífsgæðum.

Töluverð breyting hefur orðið þessari rúmu öld sem liðin er og ungmennasambönd eru í dag fyrst og fremst félagsskapur um íþróttastarf. Utan ungmennasambanda hefur orðið til umgjörð um starfsemi sem áður tilheyrði ungmennafélögum. Ríkið hefur stofnað skógrækt og leikfélög hafa sprottið upp um allt land.

Það sem einkennir starf ungmennasambanda er félagsskapur. Undanfarin ár höfum við séð einstaklinga á öllum aldri einangrast meira og meira þar sem annað hvort vantar félagsskap eða félagsstarf. Þetta er nýja áskorun UMFÍ og ungmennasambanda. UMFÍ hóf vegferðina fyrir eldri árganga með stofnum Landsmóts 50+ og svo aftur með breytingu á aldagamalli Landsmótshefð þar sem Íþróttaveislan tekur við. Það má segja að starfið eigi núna að ná utan um ungt íþróttafólk upp í meistaraflokka og hreyfingu alla ævi eftir að þátttöku í meistaraflokkum líkur.

Hreyfingin okkar hefur alltaf stuðlað að auknum lífsgæðum Íslendinga. Í upphafi var einbeitingin á að koma upp íþróttastarfi fyrir börn og ungt fólk. Núna þurfum við að ná utan um einstaklinga frá vöggu til grafar. Við erum að horfa til verkefnis sem hefur verið rekið í Danmörk undanfarin á og má kalla „Hreyfing alla ævi“. Í þessu verkefni er ekki eingöngu horft til hefðbundinna keppnisíþróttar þar sem áherslan er á almenna

hreyfingu og lýðheilsu. Þar er verið að virkja ungmennasambönd og jafnvel íþróttafélög til að mynda félagsskap fyrir fólk á öllum aldri þar sem hægt er að hreyfa líkamann og hafa gaman.

Það er ljóst að íþróttahreyfingin á Íslandi þarf að takast á við þennan nýja raunveruleika og endurskipuleggja starfið í samræmi við það. Landssamtökin UMFÍ og ÍSí, íþróttahéruðin, íþróttafélögin og félagsskapur um aukin lífsgæði þurfa að taka höndum saman og tryggja öfluga, nútíma þjónustu við íbúa þessa lands og stuðla að auknum lífsgæðum í gengum betri líkamlega og andlega heilsu.

Kallar þetta á breytingu þar sem UMFÍ og íþróttahéruðin taka inn starfsemi sem ekki flokkast til íþróttar samkvæmt ÍSí? Er það skref sem við erum tilbúin að taka? Þessa umræðu þurfum við að taka saman til að finna hvert næstu árin í starfi UMSS leiðir okkur.

Ég vil þakka aðildarfélögum fyrir gott samstarf og góða samvinnu á árinu. Stjórnarmönnum sambandsins þakka ég gott samstarf og óska okkur öllum velfarnaðar í starfi.

Góðir gestir, hér með set ég 101. ársþing UMSS.

Ísland allt.

Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS



Ungmennasamband Skagafjarðar

Stofndagur: 17. apríl 1910

Fjöldi virkra aðildarféлага árið 2019; 10

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarféлага UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri:

Thelma Knútsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Frímann Guðbrandsson
Jóhann Sigmarsson

Afreksmannasjóður:

Gunnar Þór Gestsson
Haraldur Jóhannsson
Ómar Bragi Stefánsson

Stjórn og ráð UMSS 2020-2021

Formaður:

Gunnar Þór Gestsson
Ungmennafélagið Tindastóll

Varaformaður:

Sara Gísladóttir
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Gjaldkeri:

Þuríður Elín Þórarinsdóttir
Ungmennafélagið Hjalti

Ritari:

Þorvaldur Gröndal
Golfklúbbur Sauðárkróks

Meðstjórnandi:

Arndís Brynjólfsdóttir
Hestamannafélagið Skagfirðingur

Varastjórn:

Katharina Sommermeier
Ungmennafélagið Hjalti
Kristján Bjarni Halldórsson
Golfklúbbur Sauðárkróks
Magnús Jóhannesson
Ungmennafélagið Neisti

Frjálsíþróttaráð:

Kolbrún Þórðardóttir
Sigurjón Leifsson
Sigurður Arnar Björnsson
Sara Gísladóttir
Sindri Gunnarsson
Þórunn Eyjólfadóttir

Dagskrá 101. Ársþings

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Íþróttanefnd
 - d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skila álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit.



Hlíðarendarvöllur sumarið 2020



SKÝRSLA STJÓRNAR

Halda átti 100. ársþing UMSS 7. apríl 2020, því var frestað vegna COVID-19 um óákveðin tíma, reynt var að halda það 20. ágúst, en enn hömluðu sóttvarnareglur okkur að halda þingið, í byrjun nóvember var ákveðið að halda þingið rafrænt sem okkur tókst þann 24. nóvember. Mættu á það fulltrúar allra aðildarféлага. Farið var yfir árskýrslu og ársreikninga. Nýr formaður og stjórnarmenn voru kjörnir. Í stjórn var Gunnar Þór Gestsson kosinn formaður, Sara Gísladóttir varaformaður, Þuríður Elín Þórarinsdóttir gjaldkeri og Arndís Brynjólfssdóttir meðstjórnandi. Þorvaldur Gröndal sat áfram og er ritari. Í varastjórn voru kosnir Katharina Sommermeier, Kristján Bjarni Halldórsson frá og Magnús Jóhannesson. Úr varastjórn gekk Skapti Steinbjörnsson.

Á ársþingið voru 50 þingfulltrúar boðaðir og 10 formenn.

Einungis ein þingtillaga lögð fyrir þing, Fjárhagsáætlun UMSS 2020 og var hún samþykkt samhljóða.

Nóg var að gera á árinu, þó aðallega í kringum tilkynningar sem bárust Ungmennasambandinu frá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) .

Setið var á fjölmörgum fjarfundum með stjórnnum ÍSí, og Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Félagasmálaráðuneytið og að lokum Vinnumálastofnun.

Árið sem leið;

13. mars Tilkynnt um samkomubann frá 15. mars. Bannið takmarkar starf íþróttafélaga.

15. mars Samkomubann tekur gildi. Líkur taldar á að íþróttastarf fyrir leik- og grunnskólabörn íþrótt- og ungmennafélaga geti hafist á ný mánudaginn 23. mars. Íþróttaiðkun framhaldsskólanema og fullorðinna er talin heimil að uppfylltum ströngum skilyrðum, s.s. að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar inni í sama rými, hvort heldur er innan- eða utandyra.

17. mars Frestur til að skila inn starfsskýrslum í FELIX lengdur til 1. júní.

18. mars Þjálfarar félaga senda inn hvatingar til iðkenda að hreyfa sig meðan samkomubannið er í gildi. UMSS dreifir daglega hreyfingu á Fésbókarsíðu sambandsins.

20. mars Allt íþróttastarf fellur niður. Alþingi samþykkir frumvarp félags- og barnamálaráðherra um rétt til greiðslu hlutagreiðslna vegna minnkaðs starfshlutfalls. Starfsmenn og verktakar íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka fá rétt til hlutagreiðslna samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar. Fjöldi starfsmanna íþrótt- og ungmennafélaga skráir sig á hlutagreiðslur vegna niðurfellingar á samkomubanni.

21. mars Mennta- og menningarmálaráðherra bætir 750 milljónum króna við fjárveitingar 2020 í menningarverkefni og stuðning við íþróttastarf. Til viðbótar er 400 milljónum bætt við sem verja á í rannsóknartengd verkefni.

22. mars Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns í stað 100.

25. mars Stjórnvöld eyrnamerkja 750 milljónir króna sérstöku tíma-bundnu fjárfestingarátaki til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu. Þar á meðal er íþróttastarf. Vinnu-hópur íþróttahreyfingarinnar settur á lagginnar.

3. apríl ÍSí og UMFÍ leita ráðgjafar vegna fyrirspurnar um endurgreiðslu æfingagjalda. Samkomubann framlengt til 4. maí 2020.

12. apríl Tilmæli hreyfingarinnar varðandi fyrirspurnir um endurgreiðslu æfingagjalda.

21. apríl Víðtækari aflétting en búist var við.

21. apríl Aðgerðapakki ríkisstjórnarinnar kynntur: Viðbótar-framlag vegna tómstundastarfs barna allt að 50 þúsund krónum á barn, samtals 600 milljónir króna, til fjölskyldna með tekjur og bætur undir 740 þúsund krónum á mánuði. Talið að aðgerðin nái til 8-12 þúsund barna.

28. apríl Ákveðið að fresta Lands-móti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislu UMFÍ.

2. maí Eysteinn Pétur Lárusson frá Breiðabliki, Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí, og Pálmar Ragnarsson fyrirlesari og þjálfari hjá Val, ræða íþróttastarfið á fundi Almannafræðis.

4. maí Takmarkanir á fjölda barna og ungmenna í íþróttastarfi falla niður.

19. maí ÍSí greiðir tæpar 300 milljónir króna til íþrótt- og ungmennafélaga. Um er að ræða framlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna neikvæðra áhrifa af völdum COVID-19. Úthlutunin byggði á tillögum vinnuhóps sem UMFÍ vann með. 214 íþrótt- og ungmennafélög fá greiðslu í aðgerðinni.



25. maí Fjöldatakmörkanir víkkaðar úr 50 manns í 200 en tveggja metra fjarlægð í samskiptum.

27. maí Stjórnendur Íþróttafélaga geta sótt um sértæka styrki vegna fjárhagslegs tjóns af völdum kórónaveirunnar.

9. júlí Unglingalandsmóti UMFÍ á Selfossi frestað um ár.

31. júlí Skylt að hafa 2 metra á milli einstaklinga og 100 manna hámark. Hlé á æfingum og keppnum með snertingu.

12. ágúst Snertingar heimilaðar í íþróttum. Áfram er miðað við 100 manna hámarksfjölda.

17. ágúst Ákveðið að ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði verði haldin 16.-18. september á Laugarvatni.

20. ágúst Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, saman í vinnuhópi á samráðsfundinum Að lifa með veirunni.

25. ágúst Allar íþróttir leyfðar.

27. ágúst UÍA heldur sambandsþing á Teams.

2. september Ákveðið að færa ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði frá Laugarvatni til Reykjavíkur.

3. september ÍSÍ tilkynnir um greiðslu rúmra 150 milljóna króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum viðburða sem fóru ekki fram.

4. september Stjórn UMFÍ hvetur ríki og sveitarfélög til að styðja við skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf.

7. september 1 metra nándarmörk í stað 2 metra. 200 manns leyft að koma saman í stað 100.

14. september Smitum fjölgar, fleiri fara í sóttkví.

17. september Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fer fram í Hörpu. HSK heldur þing sem hafði verið frestað frá vori.

26. september Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins segir að í skugga þess að 389 smit hafi greinst (87% þeirra á höfuðborgarsvæðinu) hafi verið ákveðið að banna áhorfendur á leikjum og íþróttæfingum barna á höfuðborgarsvæðinu. Foreldrar og forráðamenn fá ekki að vera viðstaddir æfingar og frístundastarf barna.

28. september Íþróttir leyfðar. Hámarksfjöldi áhorfenda 200 í rými.

4. október Aðgerðir hertar. Áhorfendur ekki leyfðir á íþróttaleikjum, Eins metra nándartakmörkun í búningaklefum.

7. október Heilbrigðisráðherra felst á enn harðari samkomutakmarkanir á höfuðborgarsvæðinu. Íþróttir og líkamsrækt innandyra óheimilar, íþróttir utandyra leyfðar en aðeins 20 einstaklingar í hverju rými og sundlaugar loka.

8. október Almennavarnir og sóttvarnalæknir mælast til þess að íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu geri hlé á æfingum og keppnum frá 8. til 19. október.

29. október 43. Sambandsráðsfundur UMFÍ fer fram á Teams.

30. október Íþróttastarf fellur niður og sundlaugar loka um allt land til 17. nóvember.

31. október Ríkisstjórn Íslands samþykkir tillögu Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, og Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um að ráðast í aðgerðir til að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsfélög landsins.

18. nóvember Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf barna í leik- og grunnskólum heimilt á ný bæði inni og úti. Slakað á grímuskyldu yngstu barna og kennara þeirra. Sundlaugar enn lokaðar og íþróttir fullorðinna liggja enn niðri. Opnað fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum fyrir börn frá tekjulágum heimilum.

24. nóvember 100. Ársþing UMSS haldið rafrænt

1. desember Engar breytingar gerðar á samkomutakmörkunum. Íþróttastarf barna enn heimilt úti og inni.

2. desember Frumvarp um stuðning við launakostnað íþróttafélaga útbýtt á Alþingi.

10. desember Afreksíþróttafólk og iðkendur í efstu deildum sérsambanda ÍSÍ fá að æfa með og án snertingar. Ungmennir fá enn ekki að æfa.

15. desember Stjórn Íslenskra getrauna ákveður að úthluta 50,3 milljónum króna til afreksdeilda í knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik. Að auki ákveðið að úthluta 10 milljónum til söluhæstu félaganna.


18. desember Frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðsla vegna COVID-faraldursins samþykkt á Alþingi.



Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 101. Ársþingi UMSS 2021

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	2+1
Golfklúbbur Sauðárkróks	185	4+1
Hestamannafélagið Skagfirðingur	536	8+1
Íþróttafélagið Gróska	44	2+1
Siglingarklúbburinn Drangey	123	3+1
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	463	7+1
Ungmennafélagið Hjalti	205	5+1
Ungmennafélagið Neisti	305	6+1
Ungmennafélagið Tindastóll	1548	14+1
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	64	2+1
Samtals	3567	53+10

Formenn aðildarféлага UMSS eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.





TINDASTÓLL



551
HJALTI



554



GOLFKLÚBBUR SKR.



560
SMÁRI



566
NEISTI



WWW.GETRAUNIR.IS



Getraunir


Skemmtilegur leikur

fyrirhafnarlítil fjáröflun

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og rennur allur hagnaður af rekstri frá fyrirtækinu til félaga innan hennar. Íslenskar getraunir bjóða upp kerfi sem félög geta notað til að selja getraunaraðir og fær félagið 26% sölupóknun (10% í áheiti + 16% í sölulaun). Einstaklingar geta einnig notað kerfið, með sama aðgangi og á lotto.is, og stofnað þar hóp/lið, safnað í potta til að kaupa sameiginlega miða eða keypt einstaklings miða.

Styður þú þitt félag!


- 550 KND Tindastóll – áheiti 2020, 348.432 kr.
- 551 Ungmennafélagið Hjalti – áheiti 2020, 7.854 kr.
- 554 Golfklúbbur Skagafjarðar – áheiti 2020, 31.660 kr.
- 560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári – áheiti 2020, 0 kr.
- 566 Ungmennafélagið Neisti – áheiti 2020, 0 kr.



Niðurstöður

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall nemenda sem stunda æfingar með íþróttafélagi, greint eftir íþróttahéraði og kyni árið 2020.

	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild
UMSS	38 (60%)	25 (40%)	63
Heild	2411 (56%)	1918 (44%)	4329



Mynd 2. Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi, greint eftir kynferð, árið 2020.

Lykiltölur í íþróttaiðkun nemenda í 8., 9. og 10.

bekk árið 2020



Niðurstöður rannsóknar á meðal grunnskólanema í 8., 9. og 10.bekk á Íslandi 2020

UMSS





Rallý í Skagafirði sumarið 2020

LOTTÓREGLUGERÐ - ÚTHLUTUN

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þær deildir/aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Nóra. Iðkendatölur úr Nóra skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðila ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort

haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Nóra og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

Lottógreiðslur og félagsgjöld 2020

Félag	Lottó greiðslur 2020	Félagsgjöld 2020	Samtals
<i>Bílaklúbbur Skagafjarðar</i>	90.000	47.000	137.000
<i>Golfklúbbur Sauðárkróks</i>	360.268	63.000	423.268
<i>Hestafélagið Skagfirðingur</i>	1.212.386	259.000	1.471.386
<i>Íþróttafélagið Gróska</i>	11.124	22.500	33.624
<i>Siglingarklúbburinn Drangey</i>	313.514	58.000	371.514
<i>Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári</i>	451.194	217.500	668.694
<i>Ungmennafélagið Hjalti</i>	289.955	98.500	388.455
<i>Ungmennafélagið Neisti</i>	355.940	147.000	502.940
<i>Ungmennafélagið Tindastóll</i>	2.211.535	872.500	3.084.035
<i>Vélhjóla klúbbur Skagafjarðar</i>	178.603	33.000	211.603
<i>Ungmennasamband Skagafjarðar</i>	2.604.471	-	2.604.471
<i>Afreksmannasjóður UMSS</i>	520.894	-	520.894
	8.599.884	1.818.000	10.417.884

VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði UMSS skal hafa árs aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018





Bílaflúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/bilaklubburskagafjardar/>

Félagið stofnað 1989
Formaður: Baldur Haraldsson
Fjöldi félagsmanna: 94
Fjöldi iðkenda: 18



Golfklúbbur Skagafjarðar

www.gss.is

Félagið stofnað 1970
Formaður: Kristján Bjarni Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 230
Fjöldi iðkenda: 230



Hestamannafélagið Skagfirðingur

<https://skagfirdingur.is/>

Félagið stofnað 2016
Formaður: Elvar Einarsson
Fjöldi félagsmanna: 701
Fjöldi iðkenda: 701



Íþróttafélagið Gróska

Félagið stofnað 1992
Formaður: Salmína Sofía Tavsén
Fjöldi félagsmanna: 44
Fjöldi iðkenda: 10



Siglingaklúbburinn Drangey

<https://www.facebook.com/siglingaklubburinnrangey/>

Félagið stofnað 2009
Formaður: Kári Heiðar Árnason
Fjöldi félagsmanna: 171
Fjöldi iðkenda: 125



Ungmennaog Íþróttafélagið Smári

<https://www.facebook.com/ithrottir>

Félagið stofnað 1995
Formaður: Sarah Holzen
Fjöldi félagsmanna: 564
Fjöldi iðkenda: 353



Ungmennafélagið Hjalti

<https://www.facebook.com/umfhjalti>

Félagið stofnað 1927
Formaður: Katharina Sommermeier
Fjöldi félagsmanna: 228
Fjöldi iðkenda: 126



Ungmennafélagið Neisti

<https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>

Félagið stofnað 1898
Formaður: Eiríkur Arnarson
Fjöldi félagsmanna: 357
Fjöldi iðkenda: 74



Ungmennafélagið Tindastóll

www.tindastoll.is

Félagið stofnað 1907
Formaður: Guðlaugur Skúlason
Fjöldi félagsmanna: 2073
Fjöldi iðkenda: 1060



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/groups/79689055901/>

Félagið stofnað 2005
Formaður: Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 72
Fjöldi iðkenda: 72

AFREKSMANNASJÓÐUR UMSS

Úthlutanir fyrir afreksárið 2020

Fimm umsóknir bárust og hlutu fjórir aðilar styrk úr sjóðnum.


Andrea Maya Chirikadzi – Frjálsar íþróttir (Úrvalshópur FRÍ)

Guðmar Freyr Magnússon – Hestamaður (Landslið)

Ísak Óli Traustason – Frjálsar íþróttir (Landslið)

Sveinbjörn Óli Svavarsson – Frjálsar íþróttir

Einni umsókn var hafnað vegna þess hún féll ekki undir
Reglugerð sjóðsins



Reglugerð um Afreksmannasjóð

1. grein. Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSS.

2. grein. Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja Skagfirska afreksmenn til æfinga og keppni.

3. grein. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Ársþing UMSS kys 2 menn í stjórnina og 1 til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Stjórn UMSS tilnefni síðan 1 úr aðalstjórn, sem formann sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.

4. grein. Tekjur sjóðsins verði ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. reglugerð hverju sinni. Auk þess frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.

5. grein. Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.

6. grein. Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara fram úr í íþróttgrein sinni, t.d. eru í landsliði, sigra á Íslandsmeistaramóti, setja Íslandsmet, eða á annan hátt sína að þeir eru afreksmenn í íþróttum.

7. grein. Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn eða félög þeirra, að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og jafnframt að gera grein fyrir ástæðum umsóknarinnar.

8. grein. Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi UMSS gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein. Endurskoðendur UMSS eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

10. grein. Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður boði til þeirra.



Verum hraust : Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands - ÍSí fór af stað með skilaboðin #verumhraust á samfélagsmiðlum í október 2020. Átakinu „Verum hraust“er ætlað að hvetja alla landsmenn til að sýna frumkvæði og sköpunargleði við að efla líkamlega og andlega heilsu sína á tímum kyrrsetu og tímabundinna takmarkana. ÍSí hvetur landsmenn til að prófa hinar ýmsu greinar skipulagðrar íþróttastarfsemi þegar að íþróttastarfsemi hefst að nýju, en innan ÍSí eru 33 sérsambönd og yfir 50 viðurkenndar íþróttagreinar. Yfirvöld heilbrigðismála hafa lagt á það ríka áherslu á tímum kórónuveirunnar að þjóðin stundi almenna hreyfingu og að gott heilsufar skipti máli í orrustu við smitsjúkdóma – en átakið hefur ekki síður það langtíamarkmið að markviss hreyfing verði hluti af daglegu lífi sem allra, allra flestra. Verum hraust – og deilum myndrænni hvatningu undir #verumhraust á samfélagsmiðlum, svo allir hinir taki líka við sér.

Covid - 19 og íþróttahreyfingin; Kórónuveirufaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á íþróttahreyfinguna. Mótahald hefur verið mjög skert og æfingar hafa lotið takmörkunum vegna sóttvarnaráðstafana. Tímabundnar lokanir voru á öllu íþróttastarfi og tekjuöflun íþróttahreyfingarinnar verið erfið. Þessu mótlæti öllu hefur íþróttahreyfingin mætt með úrræðasemi og þrautseigju. Hreyfingin hefur verið samhent í því að fylgja þeim takmörkunum sem settar hafa verið og sýnt samstöðu á erfiðum tímum.

Faraldurinn hefur einnig sett mark sitt á starfsemi ÍSí á árinu. ÍSí hefur verið tengiliður við heilbrigðisfyrirvöld varðandi undanþágur, eftirfylgni um gerð sérsambandsreglna varðandi framkvæmd æfinga og móta á tímum faraldursins og varðandi almenna upplýsingagjöf sem og að koma ábendingum og skoðunum hreyfingarinnar á framfæri við stjórnvöld. ÍSí hefur annast úthlutun styrkja til íþróttahreyfingarinnar frá stjórnvöldum, vegna Covid-19.

Forysta ÍSí hefur unnið náið með stjórnvöldum á tímum faraldursins og lagt áherslu á að tryggja þurfi fjárhagslegan stuðning til starfsins svo hreyfingin sé í stakk búin til að halda úti íþróttastarfi í landinu og komi sterk undan faraldrinum, eftir sem áður.

Stuðningur ríkisins við íþróttahreyfinguna á tímum COVID-19; Ríkisstjórn Íslands hefur stutt veglega við íþróttahreyfinguna á tímum kórónuveirufaraldursins.

- Á vormánuðum úthlutaðu stjórnvöld 450 milljónum króna til að koma til móts við tekjufall innan íþróttahreyfingarinnar. ÍSí hafði umsjón með ráðstöfun þessara fjármuna. Þessum fjármunum var úthlutað í tveimur aðgerðum, þ.e. um 300 milljónir króna í svokallaðar almennar aðgerðir og um 150 milljónir króna í sértækar aðgerðir, skv. tillögum sérstaks vinnuhóps ÍSí um verkefnið
- Stutt var við þátttöku barna og ungmenna í íþróttum með því að bjóða upp á viðbótar frístundastyrk til barna frá efnaminni heimilum, alls 600 milljónir króna. Boðið er upp á það úrræði með aðkomu sveitarfélaganna.
- Í lok desember 2020 voru samþykkt lög um greiðslur til íþróttahreyfingarinnar vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Úrræðið er í umsjón Vinnuálastofnunar og tekur til tímabilsins 1. október 2020 – 30. júní 2021.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt frekari stuðning við starf íþróttahreyfingarinnar, sem afgreitt verður á árinu 2021.

Lífshlaupið 2020; fór fram dagana 5. til 25. febrúar. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er, þ.e. í frítíma, í vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Í Lífshlaupinu skrá þátttakendur alla hreyfingu sem þeir stunda á þeim tíma sem keppnin er í gangi. Metþátttaka var í Lífshlaupinu en virkir þátttakendur voru samtals 18.198 í 16.880 liðum og voru alls 16.261.456 hreyfiminútur skráðar og 209.413 dagar. Áhugasamir geta skoðað meira um verkefnið á www.lifshlaupid.is

Hjólað í vinnuna; fór fram dagana 6. til 26. maí 2020. Þrátt fyrir sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu var þátttakan góð enda sjaldan verið jafn mikilvægt að huga vel að heilsunni. Verkefnið var aðlagð að breyttum aðstæðum í samfélaginu og var fólk sem vann heima hvatt til þess að byrja eða enda vinnudaginn á því að hjóla, ganga eða nota annan virkan ferðamáta þá vegalengd sem samsvaraði vegalengdinni til og frá vinnu. Þátttakendur voru alls 6.659 sem er 7% aukning frá árinu á undan. Vinnustaðir voru alls 507 sem skráðu 1.116 lið til keppni. Skráðir kílómetrar voru 468.143 km sem jafngildir um 344 hringjum í kringum landið. Áhugasamir geta skoðað meira um verkefnið á www.hjoladivinnuna.is

Sjóvá Kvannahlaup ÍSí; fór fram þann 13. júní 2020. Markmið Sjóvá Kvannahlaups ÍSí hefur frá upphafi verið að vekja áhuga á reglulegri hreyfingu. Lögð er áhersla á að hver og einn taki þátt á sínum forsendum og komi í mark á sínum hraða. Linda Árnadóttir, lektor í fatahönnun við Listaháskóla Íslands hannaði Kvannahlaupsbolinn sem var 100% enduruninn og nýttist bæði sem æfingaflik sem og við önnur tækifæri. Þrátt fyrir Covid-19 og takmarkanir í þjóðfélaginu var þátttakan góð. Áhugasamir geta skoðað meira um kvannahlaupið á www.kvannahlaup.is



Göngum í skólann; fór fram dagana 2. til 7. september 2020. Alls 75 skólar voru skráðir til leiks í verkefninu. Markmið Göngum í skólann er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Á vefsíðu verkefnisins www.gongumiskolann.is má finna skemmtilegar frásagnir og myndir frá skólum sem tóku þátt.

Íþróttavika Evrópu; fer fram víðsvegar um Evrópu daga 23. – 30. september ár hvert. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að sporna gegn auknu hreyfingarleysi meðal almennings í Evrópu. ÍSÍ hefur umsjón með verkefninu hér á landi. Vegna kórónuveirufaraldursins fór vikan að mestu fram á samfélagsmiðlum. Sérstök áhersla var á framhaldsskólana í ár og gátu framhaldsskólar sótt styrk til ÍSÍ til þess að nýta til heilsuefingar innan skólans. Áhugasamir geta skoðað frekar um verkefnið á www.beactive.is

Þjálfaramenntun ÍSÍ; er í boði þrisvar á ári, vor, sumar og haust en ÍSÍ sér um almenna hluta þjálfaramenntunar og sersamböndin um þann sérhæfða. Í ár hafa yfir 200 nemendur/þjálfarar lokið námi á 1., 2. eða 3. stigi. Þjálfaramenntunin er á framhaldsskólastigi og er kennsla í almenna hlutanum í boði í mörgum framhaldsskólum.

Að störfum er vinnuhópur ÍSÍ um endurskoðun á þjálfaramenntun ÍSÍ.



Bók um þjálfraði; kom út á haustdögum í nýrri og breyttri útgáfu, en hún er þýðing á norsku kennslubókinni Treningslære frá árinu 2017. Bókin er mikið breytt frá eldri útgáfu, sem kom fyrst út á íslensku árið 1998. Bókin er gefin út af ÍDNÚ útgáfu í samstarfi við ÍSÍ. Nýja útgáfan er mun efnismeiri, er í stærra broti og með myndum úr íslensku íþróttalífi. Þessi bók verður helsta kennslubók í þjálfaramenntun ÍSÍ og þá er hún einnig kennslubók á íþrótta- og afreksbrautum framhaldsskólanna.

Stjórnendanám; ÍSÍ stóð fyrir tveimur stjórnendanámskeiðum á árinu 2020 og fóru þau bæði fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari var aðalkennari á námskeiðunum, en aðrir kennarar voru þeir Birkir Smári Guðmundsson lögfræðingur ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sem jafnframt var námskeiðsstjóri. Skipulag námskeiðanna var í höndum starfsfólks Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

Viðfangsefnin voru margvísleg og má þar nefna verkefnastjórnun og tímastjórnun, hlutverk og ábyrgð starfsfólks, skipulag tölvupósts, fundir og fundarstjórn og stjórnun teyma. Námskeiðið er vottað af Alþjóðaólympíuhreyfingunni (IOC) og styrkt af Ólympíusamhjálpinni og hlutu allir þátttakendur viðurkenningu frá IOC í lok námskeiðsins. Fleiri stjórnendanámskeið eru fyrirhuguð á árinu 2021.

Fyrirmyndarverkefni ÍSÍ; í lok árs 2020 voru alls 8 íþróttahéruð með viðurkenningu ÍSÍ sem Fyrirmyndarhéruð eða um þriðjungur íþróttahéraða ÍSÍ og fer þeim fjölgandi. Fyrirmyndarfélögum fjölga einnig og benda má á að sveitarfélögin líta í ört vaxandi mæli til þessara viðurkenninga við útteilingu fjármagns til íþróttastarfsemi.

Fræðsla og fræðsluefni; Nokkrir stuttir fræðsluviðburðir voru haldnir árið 2020 og mun færri en í venjulegu árferði. ÍSÍ bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSÍ. Þar er m.a.:

- Bæklingurinn Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi í íþróttum.
- Hegðunarviðmið ÍSÍ og Siðareglur ÍSÍ sem félög geta haft að leiðarljósi við samningu siðareglna eða tekið þær óbreytt upp.
- Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum.
- Tillaga að samþykki um uppfléttingu í sakaskrá.
- Fræðslumyndbönd á [Vimeo-síðu ÍSÍ](https://www.vimeo.com/siðu-ísí).

Íþróttaboðorðin 10

1. Íþróttir fyrir öll börn	2. Íþróttir byggja upp öfluga einstaklinga	3. Virðum skoðanir barna og unglunga
4. Fjölbreytt íþróttastarf	5. Þjálfun hæfi aldri og þroska	6. Íþróttakeppni með tilliti til aldurs og þroska
7. Íþróttaaðstaða við hæfi	8. Fagmenntaðir þjálfarar	
9. Stuðningur foreldra skiptir máli	10. Virðum störf dómara og starfsmanna	





Árið 2020 var árið sem íþróttahreyfingin þurfti á ímyndunaraflinu að halda og finna lausnir á alls konar flækjum. Þetta var árið sem íþróttahreyfingin tileinkaði sér nýja tækni, sat netfundi og hélt iðkendum á öllum aldri virkum í hreyfingu.

COVID-faraldurinn markaði allt starf ungmennafélagshreyfingarinnar árið 2020. Í kjölfar smita á Íslandi var sótthreinsandi spritt gert aðgengilegt víða og hvatt til sértækra þrifa hjá UMFÍ og sambandsaðilum um allt land. Við tóku fundir með stjórnvöldum og íþróttahreyfingunni, gríðarleg upplýsingagjöf til sambandsaðila og aðildarféлага og aðgerðir sem miða að því að draga úr eða hefta mögulega útbreiðslu smita. Á sama tíma greip íþróttahreyfingin til ýmissa hugvitsamlegra ráða til að halda iðkendum virkum og starfseminni gangandi. Mikil samstaða var innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar gegn COVID-19.

Aðgerðir til að hefta útbreiðslu COVID-faraldursins leiddu til þess að allt íþróttastarf stöðvaðist í tvígang, fyrst frá 20. mars - 4. maí og aftur 8. október á höfuðborgarsvæðinu og 30. október á landinu öllu. Hömlum var ekki aflétt af íþróttastarfi fyrr en 13. janúar 2021.

UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar í dásamlegu og líflegu umhverfi í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni og koma skólahópar víða að af landinu út skólaárið. Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar. UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs þegar skólahópar nýta það ekki, fyrir námskeið sambandsaðila og aðildarféлага, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði. Margir hafa gripið tækifærið og átt ógleymanlegar stundir í faðmi náttúrunnar á Laugarvatni. Handboltadeild Víkings í Reykjavík var meðal þeirra sem tóku húsnæðið á leigu sumarið 2020. Íþróttasamband fatlaðra hefur starfrækt sumarþingið fatlaðra í húsinu sem nú hýsa Ungmennabúðir á Laugarvatni frá árinu 1986. Þær hafa mælst afar vel fyrir og má búast við að búðirnar verði mjög eftirsóttar hjá ungmennafélögum á næstu árum.

ÁNÆGJUVOGIN 2020

Ánægjuvugin er unnin af Rannsóknnum og greiningu (R&g) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir heiti verkefnisins Ungt fólk. Spurt er m.a. um ánægju iðkanda með félag viðkomandi, aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfi. Einnig eru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti á borð við vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd.

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna m.a. að eftir því sem krakkar stunda oftar í viku íþróttir með íþróttafélagi, því ólíklegri eru þau til að neyta vímuefna. Hlutverk þjálfara og ábyrgð hans í uppeldi iðkanda er líka ótvírætt og skiptir sköpum hvaða áherslur hann hefur í forgangi í starfi sínu, s.s. sem hvernig hann horfir á sigur í keppni, drengilega framkomu og heilbriggt lífni. Niðurstöður Ánægjuvogarinnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi. Þar kemur skýrt fram að nemendum sem eru virkir í skipulögðu íþróttastarfi líður betur og þeir vinna betur í hópi en aðrir. Þetta er mikill fjöldi barna því um 90% grunnskólanema í hverjum árgangi fer í gegnum íþróttastarf með íþróttafélagi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur einnig fram að 61% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla æfi með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftar.

Niðurstöðurnar voru greindar niður á Íþróttahéruð og hafa skýrslurnar verið sendar út til héraðanna.



FRAMKVÆMDASTJÓRAR HITTAST

Stjórn og starfsfólk UMFÍ hefur undanfarin ár boðað framkvæmdastjóra og/eða starfsfólk sambandsaðila og aðildarféлага þeirra í óformlegan hitting í þjónustumiðstöð UMFÍ. Fundirnir hafa slegið í gegn hjá framkvæmdastjórum enda er þetta frábært tækifæri til að hitta kollega, ræða málin og mynda tengsl innan íþróttahreyfingarinnar. Síðasti hittingur fór fram fimmtudaginn 4. júní 2020. Hann hófst við þjónustumiðstöð UMFÍ og var farið á nokkrum bílum á Laugarvatn. Þar var farið í leiki í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ. Eftir það var ekið á fjórhjólum undir Esjurótum. Góður rómur var gerður að ferðinni og varð hann til þess að framkvæmdastjórar sambandsaðila kynntust enn betur.



VISSIR ÞÚ ÞETTA UM UMFÍ?

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. Heiti þess er skammstafað UMFÍ. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn um allt land.

SÝNUM KARAKTER OG VERTU MEÐ

UMFÍ og ÍSÍ standa saman að nokkrum verkefnum. Þar á meðal eru verkefnið *Vertu með* og *Sýnum karakter*. Vertu með hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Á vegum verkefnisins hefur komið út bæklingur á sex tungumálum ætlaður foreldrum barna og ungmenna af erlendum uppruna.

ÍSÍ og UMFÍ halda úti vefsíðu Sýnum karakter. : www.synumkarakter.is.

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu í Reykjavík 17. september. Þetta var fyrsta skiptið sem hún hefur verið haldin á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðstefnan hefur verið haldin á hverju ári frá 2009. Ætíð hefur verið haldið í upphafleg markmið hennar, sem er að leggja áherslu á og efla lýðræðislega þátttöku ungs fólk í leik og starfi. Eins er lögð áhersla með henni að einstaklingar styrki sjálfsmynd sína og geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Þátttakendur á Ungu fólki og lýðræði eru langflestir á aldrinum 16-25 ára.

Dagskrá ráðstefnunnar í Hörpu var fjölbreytt og innihélt hún m.a. samtal ungmenna og ráðamanna, fyrirlestra og pallborðsumræður. Fyrirlesarar voru Jón Halldórsson frá KVAN og Bergsveinn Ólafsson fyrirlesari.

HREYFIVIKA UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 25.-31. maí 2020. Undirbúningur fór á fullt um leið og Almannavarnir gáfu grænt ljós á skólastarf með eðlilegum hætti eða um miðjan apríl.

Viðburðir í Hreyfivikunni voru af ýmsum toga, allt frá opinni íþróttæfingu fyrir alla, skipulögðum göngutúrum og mörgum fleiri þar sem fólk var hvatt til þess að hreyfa sig saman.

Í Hreyfivikunni efndu UMFÍ og Kristall í annað sinn til sérstaks leik á meðal grunnskóla. Leikurinn fólst í því að kennarar grunnskóla landsins voru hvattir til að bjóða nemendum í brennibolta og auka framboð á skemmtilegri hreyfingu. Á vegum Grunnskólans á Þórshöfn voru skráðir 17 viðburði í Hreyfiviku UMFÍ í maí og voru þeir hvergi fleiri. Skólinn hlaut 100.000 krónur í verðlaun sem á hvíldi sú kvöð að vinningshafar skyldu gefa hana ákveðnu góðgerðarfélagi. Nemendur skólans í samráði við kennara ákváðu að gefa verðlaunaféð Velferðarsjóði Þingeyinga.

Tveir aðrir skóla voru dregnir út og áttu þess kost að vinna 50.000 krónur til að gefa góðgerðarfélagi. Dregnir voru út Fellaskóli í Reykjavík og Grundaskóli á Akranesi

SAMSKIPTARÁÐGJAFINN

Sigurbjörg Sigurpáldóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótt- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við sigurbjorg@dmg.is eða hringt í síma 839-9100.

SAKAVOTTORÐ

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsídóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.



MÓTAHALD UMFÍ 2020

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2020. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku síðar og Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Undirbúningur allra mótanna var samkvæmt áætlun. Undirbúningsnefndir allra mótanna voru vel meðvitaðar um Covid-19 og þær afleiðingar sem mótahald gæti haft. Því voru teknar vel ígrundaðar og ábyrgar ákvarðanir um mótahaldið.

Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislunni. Það var þá ljóst að engin leið yrði að halda mótin og tryggja öryggi þeirra sem þau myndu sækja. Þessum mótum var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu. Ákveðið var að bíða með ákvörðun um Unglingalandsmótið en vonir stóðu til að ástandið mundi batna og samkomur sem þessar gætu farið fram. Hins vegar, þegar seinni bylgja Covid-19 skall á okkur og samkomutakmarkanir voru hertar til muna, varð ljóst að ekki væri hægt að halda þetta mót með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar vildu. Ekki yrði hægt að tryggja öryggi mótsgesta og eftir samtöl og fundi með Almannavarnateymi ríkislögreglustjóra var ákvörðun tekin um að fresta mótinu um eitt ár.

UMFÍ fékk hrós fyrir þessar ákvarðanir og lagði sitt á vogarskálarnar til að hefta útbreiðslu Covid-19. Framundan í haust verður þráðurinn tekinn upp að nýju og vinna sett í gang með framkvæmd þessara móta á næsta ári. Mikið af þeirri vinnu sem unnin var mun nýtast á komandi mánuðum og er stefnt á að halda glæsileg mót á næsta ári.

SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2020

Til stóð að halda 43. sambandsráðsfund UMFÍ á Hótel Geysi í Haukadal í Bláskógabyggð dagana 23.-25. október 2020. Samkomutakmarkanir og aðrar hömlur af völdum COVID-faraldursins ollu því hins vegar að halda þurfti fundinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti á Microsoft Teams 29. október 2020. Fundurinn var vel sóttur en um sextíu fulltrúar sátu hann.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Íþróttafélagið Höttur hlutu hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir vel heppnað nýtt íþróttahús á Egilsstöðum fyrir fimleika og frjálssar íþróttir. Félagið byggði húsið í samvinnu við sveitarfélagið Fljótssdalshérað. Sprettur sporlangi, lukkudýr UÍA, afhenti Davíð Þór Sigurðarsyni, formanni Hattar, Hvatningarverðlaunin.

Minnisblað UMFÍ

Á sambandsráðsfundinum var kynnt sextán blaðsíðna minnisblað UMFÍ um veirufaraldurinn, afleiðingar hans og tillögur að aðgerðum til að hjálpa íþrótt- og æskulýðsfélögum að sporna við neikvæðum áhrifum faraldursins á félög og iðkendur. Lagðar voru fram nokkrar tillögur sem byggðu á samtölum við einstaklinga úr grasrótastarfi UMFÍ og stjórnendur aðildarfélaga UMFÍ í kjölfar þriðju bylgju faraldursins sem stöðvaði íþróttastarf á höfuðborgarsvæðinu í byrjun október.

Um var að ræða aðgerðir í vörn og sókn, enda lykilatriði í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum til að ná árangri. Til grundvallar er staða mála og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda.

Minnisblaðið má nálgast á vefsíðu UMFÍ: https://www.umfi.is/media/4741/umfi_covid11.pdf

FORVARNARDAGURINN

Forvarnadagurinn var haldinn 7. október 2020. Í aðdraganda dagsins gerði auglýsingastofan Sahara myndband þar sem forseti Íslands ræddi um áherslur Forvarnadagsins og rætt við fjölskyldur, börn og ungmenni um forvarnir og heilbriggt lífverni. Því til viðbótar gerði Sahara nokkrar myndir með slagorðum dagsins og birti þær ásamt vídeóum á samfélagsmiðlun þeirra félagasamtaka sem standa að Forvarnadeginum.

Að Forvarnadeginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem jafnframt sér um verkefnastjórn. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnaneyslu og ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur.



SKINFAXI OG ÚTGÁFUMÁL UMFÍ

Á árinu 2020 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Hægt er að nálgast eintak Skinfaxa víða um land, m.a. í íþróttahúsum og sundlaugum. Blaðið er einnig á PDF-formi á vef UMFÍ.

Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

GÖNGUBÓK UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2020. Hún var eins og árið áður unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar. Bókin fór í gegnum heilmikla yfirlegu, gönguleiðir voru uppfærðar, sumum hent út en öðrum bætt við. Þá voru öll kort endurnýjuð.

Bókina er hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ undir liðnum útgáfa: <https://www.umfi.is/utgafa/gongubok/>



STYRKIR OG SJÓÐIR

2020

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2020 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti fjölmörg verkefni árið 2020, að heildarupphæð 20.238.788 kr. Af því fengu 10 verkefni á sambandssvæði UMSS styrk samtals að upphæð 798.500 kr.

Umhverfissjóður UMFÍ

Hefur þann tilgang að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Umsóknarfrestur er 15. apríl ár hvert. Tilkynnt er um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni.

Árið 2020 hlutu 8 verkefni styrk samtals að upphæð 1.050.000 kr.

Íþróttasjóður

Íþróttanefnd bærust alls 124 umsóknir að upphæð tæplega 149,2 milljónir króna um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2020.

Styrkirnir eru ætlaðir íþrótt- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, að þessu sinni verður horft



sérstaklega til verkefna sem stuðla að þátttöku barna af erlendum uppruna. Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

Fimm verkefni á sambandssvæði hlutu styrk úr Íþróttasjóði fyrir 2020 á sambandssvæði UMSS samtals að upphæð 850.000 kr.

Ferðasjóður

Úthlutað var úr Ferðasjóði íþróttafélaga til íþrótt- og ungmennafélaga í mars vegna keppnisferða innanlands ársins 2020. Til úthlutunar að þessu sinni voru 127 milljónir króna. Styrkirnir eru greiddir beint til félaga og deilda. Alls bærust sjóðnum 264 umsóknir frá 117 íþrótt- og ungmennafélögum úr 21 íþróttahéraði um styrk vegna 2.928 ferða á fyrir fram ákveðin styrkhæf mót innanlands.

Heildarupphæð umsókna var 492.199.559 kr.

Ferðasjóður íþróttafélaga er fjármagnaður með fjárframlagi frá ríkinu. ÍsÍ er falin umsýsla sjóðsins, útreikningur styrkja og úthlutun úr sjóðnum. Fjárstuðningur ríkisins til niðurgreiðslu ferðakostnaðar íþróttafélaga er ómetanlegur og ljóst að styrkir úr sjóðnum hafa afar jákvæð áhrif á þátttöku íþróttafélaga á landsvísu í íþróttamótum innanlands. Ferðasjóður greiddi árið 2020, 5.370.518 kr. til sambandssvæðis UMSS, fyrir ferðir farnar 2019.

COVID – 19

Styrkur frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands vegna Covid var greiddur út í maí 2020. Aðildarfélag innan UMSS hlutu samtals styrki 5.104.969 kr. Sérstakur styrkur var einnig greiddur út í ágúst til Körfuknattleiksdeildar Tindastóls 2.659.425 kr. KSÍ greidd sérstakt Covid framlag til Knattspyrnudeildar Tindastóls í des. 1.666.277 kr. Íslenskar Getraunir greiddu út í lok desember 600.000 til knattspyrnudeildar Tindastóls og 300.000 kr. til körfuknattleiksdeildar Tindastóls.

Sérstakur styrkur 45.000 kr. er í boði til iðkanda forráðamanna þar sem heildartekjur heimils eru lægri en 740.000 kr. á mánuði.

Auka lottóúthlutun 1.587.978 kr. kom frá ÍsÍ og UMFÍ í lok árs sem greidd verður til aðildarfélaga UMSS mánaðarmótin mars - apríl.

Viðurkenningar UMFÍ og ÍSÍ

UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

Heiðursfélagar UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1987

Gullmerki UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1984

Haraldur Þ. Jóhannsson 2004

Páll Ragnarsson 2007

Starfsmerki UMFÍ

Stefán Pedersen 1971

Helgi Rafn Traustason 1980

Páll Ragnarsson 1980

Stefán Guðmundsson 1980

Gunnar Sigurðsson 1992

Frímann Guðbrandsson 1998

Ómar Bragi Stefánsson 1998

Hjalti Þórðarson 2004

Bjarni Jónsson 2005

G. Kristín Jóhannesdóttir 2006

Guðmundur Sveinsson 2006

Steinunn Hjartardóttir 2009

Stefán Öxndal Reynisson 2010

Snorri Styrkársson 2010

Rannveig Helgadóttir 2011

Viggó Jónsson 2011

Hrafnhildur Pétursdóttir 2012

Jónína Stefánsdóttir 2012

Hjörtur Geirmundsson 2012

Kári Marísson 2013

Starfsmerki UMFÍ, frh.

Árni Stefánsson 2013

Friðbjörg Vilhjálmsdóttir 2017

Ingimar Ingimarsson 2017

Símon Gestsson 2017

Björn Hansen 2018

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir 2018

Skúli Jónsson 2018

Sara Gísladóttir 2019

Gunnar Þór Gestsson 2019

ÍSÍ gull- og silfurmerki

Gullmerki ÍSÍ

Páll Ragnarsson 1982

Trausti Sveinsson 1996

Viggó Jónsson 2019

Silfurmerki ÍSÍ

Haraldur Þór Jóhannsson 2005

Hjalti Þórðarson 2005


Ómar Bragi Stefánsson 2005

Steinunn Hjartardóttir 2006

Halldór Halldórsson 2008



UMFÍ





Drangeyjarmótið 2020

Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði

1.gr. Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitafélagsins Skagafjarðar.

2.gr. Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefning í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

• Bilaklúbbur Skagafjarðar	1 tilnefning
• Golfklúbbur Sauðárkróks	1 tilnefning
• Hestamannafélagið Skagfirðingur	1 tilnefning
• Íþróttafélagið Gróska	1 tilnefning
• Siglingaklúbburinn Drangey	1 tilnefning
• Ungmenna- og íþróttafélagið Smári	1 tilnefning
• Ungmennafélagið Hjalti	1 tilnefning
• Ungmennafélagið Neisti	1 tilnefning
• UMFT Bogfimdeild	1 tilnefning
• UMFT Frjálsíþróttadeild	1 tilnefning
• UMFT Júðódeild	1 tilnefning
• UMFT Knattspyrnadeild	1 tilnefning
• UMFT Kraftlyftingadeild	1 tilnefning
• UMFT Körfuknattleiksdeild	1 tilnefning
• UMFT Skíðadeild	1 tilnefning
• UMFT Sunddeild	1 tilnefning
• Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	1 tilnefning
• Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS.	

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

3. gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

4. gr. Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann.

Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landlið) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr. Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

7. gr. Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

9.gr. Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

10. gr. Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

11.gr. Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefninginn skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt.

Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).

Í Þ R Ó T T A M A ð U R U M S S 2 0 2 0

Ísak Óli Traustason *frjálsíþróttamaður UMF Tindastóll*



mynd: Páll Friðriksson



mynd: Flickr síða ÍR

Meistaramót Íslands í fjölþrautum var haldið í febrúar 2020 og varð Ísak Óli Traustason Íslandsmeistari. Ísak Óli fékk 5.336 stig og er það næstbesta þraut hans frá upphafi, einungis átta stigum frá besta árangri sínum sem hann náði á sama móti fyrir ári. Ísak hafði mikla yfirburði og sigraði í öllum sjö greinum þrautarinnar. Ísak hlaut einnig á árinu Íslandsmeistara titla í 60 m grind karla - innanhúss og í langstökk karla – innanhúss. Fjölþrautarmót utanhúss var ekki haldið og Ísak tók ekki þátt á Meistaramóti Íslands utanhúss vegna meiðsla.

Annar árangur sem vert er að minnast á árinu: 2. sæti í stangarstökki karla og 3. sæti í 60 m hlaup karla á Meistaramóti Íslands innanhúss.

Bætingar á árinu:, utanhúss: Kúluvarp 13,02 m frá 12,57 m. Bæting um 0,45 m (*þrjár bætingar á árinu*). Innanhúss: Stangastökk 4,35 m úr 4,30 m. Bæting um 0,05 m. Kúluvarp 13,26 m úr 12,44. Bæting um 0,92 m (*tvær bætingar á árinu*).

Ísaki Óla var boðið á Reykjavík International Games og keppti þar í 60 m spretthlaupi og langstökki, einnig var hann valinn í landsliðshóp ársins 2020 hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands í spretthlaupum, grindahlaupum, langstökki, 4x100 m boðhlaupi og fjölþraut, og nú í nóvember var tilkynnt um val á landsliðshópi ársins 2021 hjá FRÍ og er Ísak Óli í þeim hópi í spretthlaupi, grindahlaupi, boðhlaupi og fjölþraut.

Vegna Covid-19 var öllum landsliðsverkefnum sem landsliðshópur FRÍ átti að taka þátt á í ár, frestað.

Ísak Óli Traustason er góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan. Hann hvetur jafnan aðra keppendur til dáða, hvort heldur þá sem hann er að keppa við eða keppa með. Hann hefur einnig verið að bæta sig í hverri greininni á fætur annarri á árinu sem er að líða.

Aðrar tilnefningar:



Arnar Geir Hjartarson
Kylfingur, Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: kylfingur.vf.is



Bryndís Rut Haraldsdóttir
Knattspyrnumaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: feykir.is



Bjarni Jónasson
Hestamaður, Hestamannafélagið Skagfirðingur
mynd: eiðfaxi.is



ÍÞRÓTTAMENN UMSS FRÁ 1980-2020



1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund
1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund
1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund
1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna
1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti
1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir
1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna
1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir
2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna
2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir
2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir
2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir
2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2014 Baldur Haraldsson, Bílklúbbur Skagafjarðar, akstursíþróttir
2015 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2018 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir

L I Ð U M S S 2 0 2 0

Meistaraflokkur kvenna *knattspyrnudeild UMF Tindastóll*



mynd: feykir.is



mynd: feykir.is

Uppgangur liðsins síðustu ár hefur verið magnaður og var toppnum og langþráðu markmiði náð þegar liðið tryggði sér sæti í efstu deild fyrir keppnistímabilið 2021.

Kjarninn í liðinu hefur að mestu verið stelpur úr Tindastól sem gerir árangurinn enn sætari.

Stelpurnar unnu 15 leiki, gerðu 1 jafntefli og töpuðu 1 leik.

Skorðu 50 mörk og fengu 7 mörk á sig.

Tindastóll – Incasso deild kvenna 2020

Afturelding	0 : 2	Tindastóll
Tindastóll	1 : 1	Keflavík
Víkingur R.	1 : 3	Tindastóll
Tindastóll	1 : 0	Augnablik
Grótta	0 : 2	Tindastóll
Tindastóll	7 : 0	Fjölnir
Haukar	2 : 0	Tindastóll
Tindastóll	4 : 0	Afturelding
Keflavík	1 : 3	Tindastóll
Tindastóll	3 : 0	Víkingur R.
Augnablik	0 : 4	Tindastóll
Tindastóll	4 : 0	Grótta.
Fjölnir	0 : 3	Tindastóll
Tindastóll	2 : 0	ÍA
Völsungur	0 : 4	Tindastóll
Tindastóll	3 : 0	Haukar
ÍA	2 : 4	Tindastóll



Sauðárkrókur - Gervigrasvöllur 9. október 2020

Aðrar tilnefningar:



Kvennasveit GSS
Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: www.GSS.is



Guðni Þór Einarsson og Jón Stefán Jónsson

Meistarafll.kvk. knattspyrnudeild Tindastóls

mynd www.feykir.is

Undir þeirra stjórn tryggði Meistaraflokkur Kvenna sér sæti í efstu deild, eftir að hafa sigrað 1. deildina.

Hafa þeir félagar stýrt liðinu í nokkur ár og eiga hvað mestan þátt í þessum árangri sem náðst hefur.

ÞJÁLFARI UMSS 2020

Aðrar tilnefningar:



Auður Herdís Sigurðardóttir
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
mynd ; fésbók



Sigurður Arnar Björnsson
UMF Tindastóll frjálsíþróttadeild
mynd FLIKR síðu FRÍ



HVATAVERÐLAUN UMSS 2020



Einar Ísfjörð Sigurpálsson
Fjóla Indíana Sólbergdóttir
Herdís Lilja Valdimarsdóttir
Konráð Jónsson
Kristinn Örn Guðmundsson

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild
Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild
Hestamannafélagið Skagfirðingur og Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Margrét Rún Stefánsdóttir
Marín Lind Ágústsdóttir
Marta Birna Eiríksdóttir
Stefanía Hermansdóttir
Sævar Snær Birgisson
Tómas Bjarki Guðmundsson
Una Karen Guðmundsdóttir
Þórgunnur Þórarinsdóttir
Örvar Freyr Harðarson

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild
Ungmennafélagið Tindastóll Korfuknattleiksdeild
Ungmennafélagið Neisti
Ungmennafélagið Tindastóll frjálsíþróttadeild
Ungmennafélagið Neisti
Golfklúbbur Skagafjarðar
Golfklúbbur Skagafjarðar
Hestamannafélagið Skagfirðingur
Ungmennafélagið Tindastóll Korfuknattleiksdeild

Frjálsíþróttaráð skýrsla 2020



myndir: frjálsíþróttadeild Tindastóls

Í frjálsíþróttaráði UMSS 2020 sitja Sigurjón Viðar Leifsson gjaldkeri, Sara Gísladóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sindri Gunnarsson, Kolbrún Þórðardóttir, Þórunn Eyjólfsdóttir og Thelma Knútsdóttir (starfsmaður).

Innanhússmeistaramótin á liðnu ári voru öll haldin á Reykjavíkursvæðinu. Þátttaka UMSS í mótunum var ágæt. Ekki verður hjá því komist að minnst á að heimsfaraldurinn Covid 19 setti mark sitt á allt starf frjálsíþróttar rétt eins og á allt íþróttastarf þjóðarinnar og raunar heimsins alls. Fyrsti mánuður starfsársins var þó eðlilegur og fóru keppendur frá UMSS einhver mót í febrúar og byrjun mars. Formlegar æfingar lágu niðri frá byrjun mars til vors. Okkur tókst þó að hefja eðlilegar æfingar á vormánuðum og senda iðkendur á mót í sumar.

Meistaramót 11-14 ára var haldið hér á Sauðárkróki 4.-5. júlí. Átti frjálsíþróttadeild Tindastóls og Ungmenna- og Íþróttafélag Smári Varmahlíð 14 keppendur. Það var gaman að sjá því síðustu ár hefur þátttaka UMSS ekki verið mikil vonandi er breyting á því. Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir lenti í 3. sæti í kúlu 11 ára. Flest allir voru að taka þátt í sínu fyrsta móti því voru ekki margar bætingar en við efumst ekki um að það eigi eftir að breytast á næstu misserum. Mótið tókst með ágætum. Ekki hvað síst fyrir tilstilli fjölmargra sjálfboðaliða sem lögðu hönd á plóginn, svo að gerlegt var að halda mótið.

Þó svo að við gætum haldið mót hér heima á Íslandi varð ekkert af því að hægt væri að senda frjálsíþróttafólk til keppni erlendis. Hvert mótið á fætur öðru var fellt niður og/eða því frestað. Svo var einnig um þau mót, sem stóð til að senda fulltrúa UMSS á, þá Ísak Óla Traustason og Sigurbjörn Óla Svavarsson.

Við fulltrúa í landsliðshópi FRÍ árið 2021, þá Ísak Óla Traustason í spretthlaupi, grindahlaupi, langstökk og fjölþraut og Sveinbjörn Óla Svavarsson í spretthlaupi. Andrea Maya Chirikadzi var einnig valinn í úrvalshóp FRÍ í kúluvarpi.

Yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar Tindastóls Sigurður „Arnar“ Björnsson er einnig í þjálfarateymi A - landsliðsins.

Eins og áður hefur komið fram setti Covid - 19 veiran strik í reikninginn á liðnu starfsári. Ákveðið var að kalla ekki saman til uppskeruhátíða af nokkru tagi, þar sem alls konar samkomutakmarkanir voru við lýði mest allt árið. Allt slíkt verður því að bíða betri tíma.

Ekki var haldin hátíð vegna vals á Íþróttamanni Skagafjarðar eins og venja er. Hátíð þessi er haldin á vegum Sveitarfélags Skagafjarðar og Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS). Það kom þó ekki í veg fyrir að Ísak Óli, sem var tilnefndur af Frjálsíþróttadeild UMFT, var kosinn Íþróttamaður Skagafjarðar.

Íslandsmeistaratitlar 2020

Andrea Maya Chirikadzi, Kúluvarp - innanhúss.

Ísak Óli Traustason, 60 m grindahlaupi, langstökk og fjölþraut-innanhúss.

Theódór Karlsson, 60 m, hástökk, langstökk, þristökk og stangarstökk.

Ný héraðsmet sett á árinu 2020

Andrea Maya Chirikadzi í flokki 16 - 17 ára
3 kg sleggja, 31,02

Stefanía Hermannsdóttir í flokki 16 - 17 ára
500 g spjót, 36,32 m
600 g spjót, 33,32 m

Sveinbjörn Óli Svavarsson í flokki karla
60 m hlaup, utanhúss, 7,35 sek

ÁRSKÝRSLUR

AÐILDARFÉLAGAUMSS 2020





Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2020 var óbreytt frá árinu 2019: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Dagbjört Rós Hermundsdóttir ritari, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason formaður mótanefndar, Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður barna- og unglinganefndar og Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar. Vallarstjóri: Guðmundur Þór Árnason

Golf gegnir mikilvægu hlutverki í Sveitarfélaginu Skagafirði. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglingastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagngert til þess að spila golf.

Félagatal, Metaðsókn var á nýliðanámskeið sumarið 2020. Félagar GSS eru 203 talsins samkvæmt félagatali (14. nóv 2020), 116 karlkyns og 87 kvenkyns. 192 félagsmenn eru með lögheimili í Skagafirði, þar af 187 á Sauðárkróki. Félagar eru á öllum aldri, frá 6 til 83 ára. Aldursdreifingin kemur fram á mynd 1. Félögum GSS hefur fjölgað undanfarin ár. Árið 2020 voru 203 félagar en 167 árið áður og var fjölgunin því 22% frá 2019 til 2020. Þess má geta að meðalfjöldun í golfklúbbum landsins milli sömu ára var 11%.

50 ára afmælisárið; Það er óhætt að segja að afmælisárið hafi verið viðburðaríkt og óvænt. Sóttfaraldur herjaði á heimsbyggðina árið 2020 eins og allir vita. Sem betur kom veiran ekki í veg fyrir að hægt væri að stunda golf sumarið 2020. Þvert á móti flyktust landsmenn í golf innanlands og þess varð vel vart á Hlíðarendavelli. Aðsókn hefur líklega aldrei verið betri en í sumar. Líklegt má telja að það hafi hjálpað til hve mörg vinatengsl var búið að mynda við klúbba á vormánuðum 2020. GSS eignaðist nýja vinaklúbba um land allt, en félagsmenn þeirra fá afslátt þegar þeir spila hjá okkur og gagnkvæmt. Við gerum okkur vonir um að kylfingar vinaklúbba muni heimsækja Skagafjörð í auknum mæli á komandi árum til að glíma við völlinn fagra og njóta alls hins góða sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða.

50 ára afmælistótt GSS fór fram laugardaginn 27. júní. Þátttaka var frábær, 70 manns. Nýir teigar voru vígðir á fimmtu braut, sem gæti orðið uppáhaldsbraut margra við breytinguna. Þá voru ný glæsileg teigskilti tekin í notkun.

Við gáfum út afmælisrit GSS í byrjun sumars 2020 sem dreift var á heimili, fyrirtæki og stofnana í Skagafirði. Þar að auki var afmælisritið birt rafrænt á heimasíðu GSS og Feyki. Í ritinu reifaði Unnar Ingvarsson 50 ára sögu klúbbsins. Í afmælisritinu voru einnig viðtöl við félagsmenn og fyrrum þjálfara. Fjöldi mynda prýddi ritið. Útgáfa ritsins var möguleg vegna stuðnings fjölda fyrirtækja og stofnana í heimahéraði. Að auki fengum við sérstakan stuðning UMFÍ og SSVN til útgáfunnar. Við erum afar þakkát fyrir stuðninginn.

Hlíðarendavöllur og skálinn; fær einróma lof þeirra sem hann sækja. Á tímabilinu júní til ágúst voru skráðir um 3500 spilaðir hringir. Þar að auki var talsvert spilað í apríl, maí, september og október. Við erum ánægð með aðsóknina, en hafa þarf í huga að árið var fordæmalaust. Vallarstjóri vann gott starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum, sem voru 5 talsins. Mikilvægt er að huga til framtíðar og ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti meðal félagsmanna, m.a. um stækkun í 12 holu völl. Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglinga milli æfinga. Þar starfaði einn starfsmaður júní til ágúst ásamt því sem kvöld og helgarvaktir voru mannaðar með sjálfboðavinnu. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Þetta árið nutum við góðs af því að Byggðastofnun flutti í nýtt húsnæði endurnýjaði húsgögn og gaf golfklúbbum borð, stóla, sófa og fleira sem gerir skálann okkar mun vistlegri en hann var. Skálinn er farinn að láta á sjá og þarfnast viðgerða.

Þjálfun barna og unglinga

Börnin eru framtíðin og mikilvægt að standa vel að þjálfun þeirra. Þjálfarar okkar stóðu sig mjög vel, síðastliðinn vetur og sumar. Þórður Rafn Gissurarson atvinnukylfingar heimsótti okkur tvisvar í

sumar og vann gott starf með þjálfurum okkar.

Öflugt mótastarf; Árlega eru haldin yfir 30 innanfélagsmót hjá GSS og 6-8 opin mót. Þar að auki taka sveitir fullorðinna og barna þátt í mótum annars staðar. Sveitir GSS stóðu sig vel á Íslandsmótum golfklúbba. Kvennasveit GSS hélt sæti sínu í efstu deild og karlasveitin hélt sæti sínu í 2. deild. Sveitirnar voru GSS til sóma undir öryggri stjórn liðsstjóranna (sveitarstjóra).

Vetrarstarf; Á veturna færast starfið í inniaðstöðu á Borgarflöt. Þar er þúttvöllur og hermir – og alltaf gott veður. Barna- og unglingastarf færast inn á veturnar með reglulegum æfingum eftir áramót. Nútíma hermar gera kleift að spila golf allt árið.

Samningar GSS við Sveitarfélagið Skagafjörð voru endurnýjaðir í nóvember 2020. Samningarnir eru þír. Um er að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og sá þriðji er samningur um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki.

Samningar endurnýjaðir; Samningar GSS við Sveitarfélagið Skagafjörð voru endurnýjaðir í nóvember 2020. Samningarnir eru þír. Um er að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og sá þriðji er samningur um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki.

Kristján Bjarni Halldórsson

Formaður GSS





Meistaramót GSS 2020

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Hestamannafélagið Skagfirðingur eins og önnur félög innan UMSS starfaði ekki með hefðbundnu sniði árið 2020 vegna heimsfaraldursins Covid 19 sem setti verulegt strik í reikninginn í öllu mótahaldi og félagsstarfi ársins.

Stjórn félagsins tókst þó að hittast 15 sinnum á árinu og gætt var vel að öllum sóttvörnum á meðan á fundum stóð.

Hið árlega UMSS mót svokallað var haldið á Hólum í maí samhliða útskrift Hólanema. Mótið var hefðbundið og þátttaka góð. Í vor og sumar tókst félaginu að halda nokkur önnur mót til viðbótar svo sem eins og Firmakeppni og árlega félagsmót Skagfirðings. Bæði þessi mót voru haldin á félagssvæðinu á Sauðárkróki. Íslandsmót barna og unglinga var haldið á Selfossi og átti Skagfirðingur þar nokkra fulltrúa sem stóðu sig með miklum ágætum. Landsmóti sem halda átti á Gaddstaðflötum við Hellu var aflýst vegna Covid-19 sem og Íslandsmóti fullorðinna sem halda átti einnig á Gaddstaðflötum.

Æskulýðsstarf Skagfirðings er afar öflugt. Reiðnámskeið eru í boði fyrir alla aldurshópa og hafa þau verið vel sótt sl ár. Boðið er uppá almenn reiðnámskeið sem og keppnis námskeið. Öflugt samstarf hefur verið sl ár milli Skagfirðings og Jóhönnu Heiðu reiðkennara á Varmalæk. Þangað geta félagsmenn í Skagfirðingi sótt námskeið þar sem allur búnaður er til staðar, reiðtygi og hestur. Þessi námskeið eru afar vinsæl meðal barna og unglinga. Sýningin Æskan og hesturinn féll því miður niður 2020 vegna Covid-19 en allt stefnir í glæsilega sýningu í Reiðhöllinni á Sauðárkróki þann 1.maí 2021.

Félagið hefur lagt mikla vinnu sl ár í lagfæringar og opnun reiðleiða í Skagfirði fyrir hestamenn. Á árinu 2020 var opnuð ný reiðleið í landi Valla yfir gömlu Héraðsvatnabrunna. Þessi framkvæmd heppnaðist afar vel og er mikil og góð viðbót fyrir hestamenn sem vilja ferðast innan Skagafjarðar. Unnið hefur verið að opnun reiðleiðar í gegnum Sauðárkrók til margrar ára.

Nú er svo komið að Sveitarfélagið Skagafjörður náði samningi við landeigendur í Áshildarholti um leigu á landi fyrir nýjan reiðveg sem mun liggja upp fyrir spennistöðina. Viljum við þakka Sveitarstjórn sérstaklega fyrir aðkomu sína að þessu máli.

Nýtt deiliskipulag er í vinnslu vegna byggingar hesthúsa vestan við Reiðhöllina Svaðastaði.

Hestamannafélagið Skagfirðingur ásamt öðrum hestamannafélögum á Norðurlandi sóttu í sameiningu um að halda Íslandsmót fullorðinna á Hólum í Hjaltadal 2021. Umsóknin var samþykkt hjá LH og verður mótið haldið nú í sumar að öllu óbreyttu.

Hestamannafélagið Skagfirðingur, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur skrifuðu undir samning við LH um að halda Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal árið 2026 og var það gert með viðhöfn að Hólum í maí sl. Við sömu viðhöfn var Ingimar Ingimarsson, Ytra-Skörðugili, heiðraður með gullmerki LH og þökkum við honum gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins til margra ára.

f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings

Elvar Einarsson

Formaður



Laugardaginn 21. nóvember skrifuðu fulltrúar Landsmóts ehf, Hestamannafélagsins Skagfirðings og sveitarfélaganna Skagafjarðar og Akrahrepps undir samning um að Landsmót hestamanna árið 2026 verði haldið á Hólum í Hjaltadal.





Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist

Siglingaklúbburinn Drangey

Siglingaklúbburinn Drangey samanstendur af tveimur deildum, annars vegar siglingadeild og hins vegar hjólreiðadeild og voru báðar þessar deildir virkar á árinu 2020.


Þetta ár var óvenjulegt í starfsemi siglingaklúbbsins. Því miður þá tókst ekki að vera með námskeið eins og hefur verið venjan undanfarin ár. Það kemur til að því að framkvæmdir voru við aðstöðuhús siglingaklúbbsins fram í júlí og þegar loksins átti að framkvæma lokafrágang eftir þær, þá var því miður sett efni í kringum klúbbinn sem var til þess fallið að skemma allan búnað og því var ákveðið að sleppa námskeiðum þetta sumarið.

Unnið hefur verið að grunn vinnu við framtíðar húsæði þar sem hægt er að geyma og gera við búnað klúbbsins. Engin slík aðstaða er til staðar í dag og á meðan grotnar búnaður klúbbsins niður. Enn er vinna í gangi við deiluskipulag hafnarinnar og er staðan því miður þannig að ekki er útlit fyrir að það klárast nú á vordögum og meðan það er ekki til staðar þá er lítil hreyfing á þessum málum. Almennt er velvilji til klúbbsins varðandi þessi mál og er stjórn Siglingaklúbbsins Drangey bjartsýn á að úr leysist um leið og aðstæður til þess skapast.

Þetta ár var ekki síður óvenjulegt í starfsemi hjólreiðaklúbbsins líkt og á mörgum öðrum stöðum. Í upphafi árs var farið af stað með metnaðarfulla áætlun um að skapa vettvang fyrir samhjóla í gamla Kiwanis húsinu við höfnina. Það var þrifið, málað og skverað til. Byrjað var að hljóla og gekk það mög vel en því miður þá komu samkomutakmarkanir í veg fyrir að hægt væri að halda þessu úti.

Í byrjun júlí var svo hent í eitt bikarmót og tókst það mjög vel en alls 98 keppendur mættu til leiks. Þessi mót krefjast töluverðs undirbúnings en reynsla síðustu ára er að skila sér. Þó skal nefna að við vorum nokkrum klukkustundum frá því að þurfa að aflýsa mótinu og er þar um að kenna að ekki virðist vera hægt að fá áætlun frá vegagerðinni og verktökum hennar varðandi framkvæmdir. Þetta þarf að laga og þá í samvinnu við HRÍ.

Í haust og vetur hefur svo hópur hjólað saman á Zwift. Það hefur verið mjög skemmtileg tilbreyting frá einverunni sem hefur verið út af takmörkunum og þyrfti að gerast oftar.



Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. maí 2020. Breytingar urðu á stjórninni og er hún þannig skipuð: Sarah R Holzem formaður, Sigurlína Einarsdóttir ritari, Aníta Ómarsdóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sara Gísladóttir, Sif Kerger og Sindri Gunnarsson meðstjórnendur. Úr stjórn gengu Sigríður Fjóra Víktorsdóttir og Róbert Logi Jóhannesson og eru þeim þökkunni góð störf í þágu félagsins.

Starfsemi á vegum U.Í. Smára árið 2020 gekk þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn að mestu með svipuðu sniði og árin á undan. Covid-19 hafði áhrif á voræfinga, sem hættu aðeins fyrir og svo aftur í haust þegar ekki máttu stunda íþróttæfinga í nokkra viku í nóvember/desember. Utan því fóru æfinga að mestu fram eins og vanalega.

Í sumar voru æfingar í fótbolta (3.-8.flokkur), frjálsum (frá 6 ára aldur), körfubolta (frá 9 ára aldur) og leikjanámskeið (skólahópur leikskólans til 6. bekk grunnskólans).

Frjálsíþróttæfinga eru tvisvar sinnum í viku allt árið og auka æfing fyrir 15 ára og eldri einu sinni í viku. Frjálsíþróttæfinga eru afar vel sótt og fer iðkendum í frjálsum enn fjölgandi. Keppendur frá Smára keppa undir merkjum UMSS og hefur verið tekið vel á móti ungum og nýjum keppendum.

Í sumar var ákveðin að bæta við fótbolta æfing fyrir 8. flokkur einu sinni í viku. Því miður voru öll fótboltamót sem við höfum vanalega sótt síðustu árin aflýst í þetta skipti. En okkur tókst að halda smá mót hér í Varmahlíð þegar Neista frá Hofsi og Smárinn frá Þelamörk heimsóttu okkur í júlí og náðist að keppa í öllum flokkum.

Mikið áhuga er á fimleikaæfingum og eru til dæmis öll krakkar úr 1. og 2. bekk að sækja æfinga einu sinni í viku innan skólatíma.

Iðkendum í körfubolta fer fjölgandi og var bætt við æfing fyrir 8.-10. bekkur, svo þau hafa möguleiki á æfing tvisvar í viku. Yfir 80% nemenda Varmahlíðarskóla sækir æfingar á vegum Smára. Á haustönninni var boðið upp á fimleika og fótbolta fyrir alla og auk þess geta eldri krakkar sótt frjálsar, körfubolta og þól-/þrekæfinga.

Þau Herdís Lilja Valdimarsdóttir og Kristinn Örn Guðmundsson voru tilnefnd sem ungt og efnilegt íþróttafólk Smára 2020.

Fyrir hönd Ungmenna- og íþróttafélagsins Smára
Sarah R Holzem



myndir: Fésbókarsíða UÍ Smára



Leikjanámskeið Smára 2020

Ungmennafélagið Hjalti

Í stjórn félagsins sitja

Formaður: Katharina Sommermeier

Ritari: Guðmundur Björn Eypórsson

Gjaldkeri: Jóel Þór Árnason

Nokkuð var um viðburði á vegum félagsins á árinu 2020. Eins og fyrri ár stóð Ungmennafélagið Hjalti fyrir leikjanámskeiði fyrir börn á aldur aldrinum 5 til 12 ára. Leikjanámskeiðið er haldið í Grunnskólanum á Hólum. Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu; gönguferðir, ýmis konar íþróttæfingar, smíðavelli, tálgun, skipulaðga leiki, ratleiki, hjólreiðar og fleirar. Í ár var boðið upp á akstur til og frá Hofsós á leikjanámskeiðið. Á námskeiðið mættu 29 glaðir krakkar í til leikja og starfa.

Í janúar 2020 fóru Krækjur á Íslandsmóti í blaki í íþróttamiðstöðinni Varmá hjá Aftureldingu. Krækjurnar spiluðu annað árið í röð í 2. deild eftir að hafa afþakkað sæti í þeirri 1. deild þar sem keppnisfyrirkomulag hentaði ekki liðinu. Þriðja tórnering sem átti að fara fram á Akureyri um miðjan mars var ekki haldið vegna C-19 en voru Krækjurnar nú þegar komnar í 2. sæti. Í febrúar mættu Krækjurnar með tvö lið á Sigló Hótel - Benectamóti BF.

Páskaeggjapingó sem er orðinn fastur liður í fjáröflun félagsins var ekki haldið 2020 vegna C-19.

Ungmennafélagið Hjalti stóð fyrir hátíðarhöldum 17. júní í bongóblíðu á Hólum. Skipulögð var skrudganga, leikir og sprelli, ásamt Byrðuhlaupinu. Í Byrðuhlaupið mættu 20 keppendur stórir og smáir. Í fullorðins flokki vann Léo Suret en hann náði þó ekki að slá met Rafnkels Jónssonar sem er 25 mín og 22 sek.





17. júní hátíðarhöld hjá Ungmennafélaginu Hjalta 2020

Ungmennafélagið Neisti

Yngri flokkar stunduðu knattspyrnu undir stjórn Bjarka Árnasonar af eins mikilli elju og dugnaði eins og hægt var og ársins 2020 verður minnst fyrir gleði og jákvæðni. Meðan hvert bannið og takmarkanir streymdi inn frá yfirvöldum, þá æfðu iðkendur Neista af krafti þegar mátti. Það var greinilegt að þeir sem stunda knattspyrnu á Hofsósi voru þakklát fyrir að geta stundað þá iðju enda var mæting á æfingar alveg hrikalega góð, venjulega er hún góð en þetta árið var hún enn betri og varla að einstaklingur missti af æfingu. Hópur Neista má eiga það að í honum er stórir og góðir karakterar sem efla hvorn annan. Það er ekki sjálfsgæður hlutur að einstaklingar sem eru frá 5.-10.bekk geti æft saman og þar að auki af sitthvoru kyninu. En hjá Neista er þetta hluti af þroskanum og óhætt er að segja að iðkendur hafi tekið framförum eins og á undanförunum árum.

Eins og á síðasta tímabili þá var hápunktur sumarsins þegar lið Neista tók þátt á Goðamóti Þórs á Akureyri og keppti í 5.flokki með fulltrúa sem voru í 4., 5. og 6.bekk. Þetta árið náði liðið besta árangri frá upphafi á mótinu en liðið gerði sér lítið fyrir og vann mótið í sínum styrkleikaflokki. Við hjá Neista getum verið virkilega stolt af okkar hóp sem er alveg ofsalega samstíga hvort sem um ræðir krakkana eða þá sem að baki þeim standa. Enda voru þessir dagar sem mótið stóð yfir algjörlega frábærir alveg eins og veðrið, þar sem var sól og blíða allan tímann. En upp úr stóð 1.sæti og veglegur bikar að launum.

Í sumar var farið í Varmahlíð og tekið þátt í þriggja liða móti þar sem lið komu frá Smára, Smáranum og Neista. Var þar keppt í 7., 5. og 4.flokki. Þar var gleðin í fyrirrúmi og var endað á því að grilla pylsur fyrir keppendur.

Annað árið í röð komu á Hofsós tveir fulltrúar frá KSÍ og voru með knattspyrnuþrautir og leiki fyrir krakkana. Voru iðkendur Neista féluginu til sóma og þau virkilega sátu með heimsóknina. En að þessu sinni fengu krakkarnir flotta fótboltaþoli gefins frá KSÍ.

Neisti tók ekki þátt í öðrum viðburðum en þrátt fyrir erfiðleika í samfélaginu þá var þetta engu að síður flott ár og við getum verið stolt af okkar krökkum. Það kemur ár á eftir þessu ári þar sem mótin verða fleiri.



Júdáæfingar voru áfram einu sinni í viku í 2 klst í Höfðaborg undir stjórn Jakobs Pálmasonar. Stóðu æfingar yfir veturinn frá byrjun okt fram í mars þegar stoppað var út af covid. Byrjað var svo aftur sl haust um mánaðarmótin sept-okt en aftur varð hlé seinna um haustið. Árið var því erfitt hvað varðar að halda úti æfingum, fyrst leiðinda veður svo samkomutakmarkanir. Þrátt fyrir fáar æfingar voru framfarir miklar á stuttum tíma og áhuginn mikill en 10-15 krakkar voru að jafnaði á æfingum og mest um 20 á aldrinum 5-15 ára. Farið var á eitt öflugt mót, Norðurlandsmót á Blönduósi. Á mótið mættu 10 keppendur sem stóðu sig mjög vel og verður þeim ábyggilega hvatning til áframhaldandi júdáíðkunar. Til að geta haldið starfinu gangandi á Hofsósi eru leigðar dýnur af Júdádeild Tindastóls.

Engin uppskeruhátíð var hjá félaginu sl haust vegna samkomutakmarkana. Ungmennasamband Skagafjarðar veitti sínar viðurkenningar til ungra og efnilegra íþróttamann rétt fyrir áramót og fengu Marta Birna Eiríksdóttir og Sævar Snær Birgisson viðurkenningar fyrir eljusemi og góðan árangur þetta árið.

Aðalfundur Neista var haldinn í Höfðaborg 5. mars en þar var, auk hefðbundinna fundarstarfa og almennra umræðna um stöðu félagsins í nútíð og framtíð, kosið í stjórn og nefndir. Stjórn er skipuð eftirtöldum; Eiríkur Frímann Arnarson formaður og aðrir í stjórn, Gréta Dröfn Jónsdóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson og Sigmundur Jóhannesson. Vallarstjóri var áfram Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellið í góðu ásigkomulagi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu.

Margt breyttist á þessu ári og Jólaspilavist á Hlíðarhúsi og Páskabingó í Höfðaborg féllu niður. Aðrar og nokkuð fastar fjáraflanir voru sala á eldhús- og salernispappír, bílahreingerningavörum, jólapappír, koma flöskum og dósum í verð og að skera þökur. Hlíðarhúsið var eins og áður leigt út dag og dag og notað undir ýmsa verulega fámenna viðburði.

Fyrir hönd Umf Neista

Bjarki Már Árnason og Hjalti Þórðarson



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist



Körfuknattleiksdeild Tindastóls – meistaraflokkur karla

Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

Starf Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar var frekar mikið á árinu 2020.

Klúbburinn ætlaði að halda Íslandsmeistaramót í snowcross og var undirbúningur að mestu klár þegar keppnin var flautuð af vegna Covid-19 en við stefnum á það að halda Íslandsmeistaramót í snowcross á næsta ári (2021).

Þrír félagar í klúbbnum kepptu á árinu í enduró fyrir alla en sú keppnisröð náðist ekki að klárast vegna Covid en í þeirri keppni sem þeir tóku þátt í stóðu þeir sig mjög vel.

Barna og unglingastarf var með mesta móti hjá Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar á árinu 2020.

Á árinu var klárað að gera braut fyrir yngstu iðkendurna sem er mjög góð viðbót við starfið hjá Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar.

Iðkendur í Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar voru um 30 einstaklingar að mæta á æfingar í sumar.

Æfingar voru haldnar einu sinni í viku og var yfirleitt góð mæting á þær, einnig voru haldin 2 dagsnámskeið með kennara frá Reykjavík og var góð mæting á bæði námskeiðinn en einnig voru allir mjög duglegir að mæta sjálfir og hjóla í brautunum.

Í lok sumars fengum við svo loksins vatn aftur á svæðið sem við erum búin að bíða lengi eftir.

Fyrir hönd stjórnar Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar

Guðmundur Rúnar Guðmundsson



mynd: Fésbókarsíða Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar



mynd: Gunnar Smári Reynaldsson





Þókendur Vélahjólaklúbbar Skagafjarðar á æfingu 2020

I. kafli Um Sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS skal leitast við að starfa samkvæmt lögum Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) samanber 6. kafla 45.2.

2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög og leikreglur ÍSí.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmunum og áhugamálum félaganna og vera málsvári þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

II. kafli Um Aðildarfélag

4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög UMSS, UMFÍ og ÍSí.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi

og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSí. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

5. grein

Úrsögn aðildarféлага úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.

6. grein

Hvert félag gerir skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirmælum UMFÍ og ÍSí. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSí og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSí ákveður. Starfsskýrslum aðildarféлага og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðað ársþing.

7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSí eða sérsambönd innan ÍSí heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSí þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSí. Félag sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSí og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSí og lögum sérsambandanna. Félagaskipti keppnisfólks tilkynnast tafarlaust til stjórn UMSS.

III. kafli Um Ársþing

8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með tveggja vikna fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en þrem vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarféлага. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSí.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings.

9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kys stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

10.grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi:

1. Þingið sett.
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd.
 - b. Fjárhagsnefnd.
 - c. Íþróttanefnd.
 - d. Aðrar nefndir.
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar.
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni.
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

11.grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

12.grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

13.grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.

- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.

- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

IV. kafli Um Stjórn

14.grein

Stjórn UMSS skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír menn í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

15.grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

16.grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

17. grein

Stjórn UMSS er skipuð fimm fulltrúum sem skiptast á milli aðildarféлага UMSS á eftirfarandi hátt:

Ungmennafélagið Tindastóll	1 fulltrúi
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1 fulltrúi
Ungmennafélagið Neisti og Hjalti	1 fulltrúi
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	1 fulltrúi
Bilaklúbbur Skagafjarðar, Vélhjóla klúbbur Skagafjarðar, Golfklúbbur Sauðárkróks, Íþróttafélagið Gróska og Siglingar klúbburinn Drangey	1 fulltrúi

V. kafli Sérráð

18. grein

Innan UMSS skulu starfa sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

19. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarféлага eða deilda innan aðildarféлага sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

20. grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

VI. kafli Önnur Ákvæði

21. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi

samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

22. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarféлага UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

23. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011 og 2018.

ÁRSREIKNINGUR UMSS



